

**Nr. 001 / 14 Þorlákur ÍS 15****Leki í vélarúmi og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 2446 IMO nr. 9240366  
Smíðaður: Póllandi 2000 stál  
Stærð: 156,6 brl. 251 bt.  
Mesta lengd: 28,9 m Skráð lengd: 26,64 m  
Breidd: 7,5 m Dýpt: 5,55 m  
Vél: Cummins 373 kW 2000  
Fjöldi skipverja: 14



Þorlákur ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 5. desember 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 4. janúar 2014 var Þorlákur ÍS 15 á línuveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: NA 20 m/sek.

Verið var að draga línuna um þrjár sml. undan Grænuhlíð þegar skipstjórnarmenn urðu varir við óeðlilega mælastöðu á aðalvél og í ljós kom að austur í vélarúminu var kominn upp fyrir vélarúmsplitti. Veiðum var þegar hætt, skipinu siglt í var undir Grænuhlíð og óskað eftir aðstoð.

Aðalvél stöðvaðist þegar ádreparinn var kominn á kaf og fór að leiða út en þá var annar bátur kominn á staðinn. Vélstjórinn færði lensidælu af millipilfari niður í vélarúm og hafði hún undan lekanum. Í framhaldi sá hann hvar lekinn var og gat lokað fyrir hann.

Björgunarskipið Gunnar Friðriksson kom með dælur og þegar austrinum hafði verið dælt fyrir borð kom í ljós að 1 ½ tommu stálrör fyrir girkælirinn hafði tærst í sundur.

Páll Pálsson ÍS 102 dró Þorlák til Ísafjarðar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að þegar sjór uppgötvaðist í vélarúminu var skorið á línuna;
- að austursaðvörun vélarúms virkaði ekki;
- að stálrör fyrir girkælirinn kom í koparlok sem var orðið morkið;
- að um var að ræða venjulegt vatnsrör í sjólögninni.

**Nefndarálit:**

Nefndir ályktar ekki í málinu en bendir á mikilvægi þess að huga að samsetningu ólíkra efna.